

Skólaráðsfundur 11. 2. 2026

Mættir: Þuríður Óttarsdóttir, Jón Bjartur Atlason, Harpa Guðrún Baldvinsdóttir, Ísak Smári Jökulsson, Ólafur Vilhelm Jónsson, Atli Már Jónsson, María Kristín Magnúsdóttir, Íris Ósk Óttarsdóttir, Bára Kolbrún Gylfadóttir, Loftur Þórarinn Guðmundsson, Fiona Elizabeth Oliver
Fundarritari Vala Nönn

1. Fjárhagsleg staða Víkurskóla kynnt - staðan er góð við erum réttu megin við núllið.
2. Niðurstöður úr læsiskönnun frá því í janúar kynntar.
3. Niðurstöður úr Skólapúlssi og líðankönnun kynntar.
4. Sagt frá lestrarátaki sem á að setja fyrir allan skólann á næstunni. Þá eiga nemendur að skila einnar mínútu upplestri í hverri viku. Hugmyndin er að fá þau til að æfa upplesturinn og skila bestu upptökunni.
5. Skóladagatal fyrir næsta skólaár lagt fyrir fundinn. Skóladagatalið var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
6. Sagt frá undirbúningi fyrir næsta skólaár. Starfsþróunarsamtöl við starfsmenn eru að hefjast. Sagt frá áherslum í símenntun fyrir næstu þrjú ár.
7. Kynntar hugmyndir um breytt fyrirkomulag í umsjón. Það gengur út á að allir kennarar séu með umsjón með ca 10-12 nemendum. Þá fá allir kennarar tvo launaflokka, hóparnir yrðu blandaðir 8. - 10. bekk og elstu nemendur væru fyrirmyndir fyrir yngstu. Lífsleikni kennd sér eða inni í uglum en umsjónartími væri 30-40 mínútur allir á sama tíma. Við ætlum að nota mars til að rýna í þessa hugmyndafræði og skoða áskoranir og lausnir.
8. Önnur mál
 - a. Rætt um slæma umgengni á skápum og litla notkun - hvað er til ráða?
 - b. Erindi frá foreldrum í áttunda bekk varðandi ofbeldi í skólanum gagnvart nemendum sérstaklega í áttunda bekk. Það er m.a. ástæðan fyrir því að kennarar eru að óska eftir endurmenntun varðandi ofbeldi. Einnig eru nemendur að stela myndum af facebook og skrumskæla og senda á milli. Netöryggi er mikilvægt og stafræn borgaravitund.
 - c. Hrós frá foreldrum í áttunda bekk varðandi verkefni í uglunum.